


Hvalfjarðarsveit  
Skúli Lýðsson  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. október 2011  
Tilvísun: UST20110900112/ksj

## Lýsing á fyrirhuguðu deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Stekkjarholts í landi Kalastaðakots. Umsögn

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 16. september sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu varðandi fyrirhugað deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kalastaðakots í Hvalfjarðarsveit.

Fyrirhuguð deiliskipulagstillaga nær til nyrsta hluta svæðis í landi Kalastaðakots sem merkt er F21a á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020 og er alls 79,5 ha að stærð.

Stærð svæðis sem nú er tekið til deiliskipulagningar er um 13 ha og liggur lengst frá sjó á ofangreindu svæði F21a. Fyrirhugað er að svæðið muni skiptast í 10 lóðir undir frístundahús, auk þess verði um 1,7 ha lóð afmörkuð undir opið leik- og útvistarsvæði.

Þó nú sé ætlunin að deiliskipuleggja nyrsta hluta ofangreinds svæðis alls 13 ha af 79,5 ha svæði vill Umhverfisstofnun taka eftirfarandi fram:

### Náttúruminjar

Ofangreint svæði fyrir frístundabyggð liggur að sjó og er fjaran á svæðinu hluti af svæði nr. 235 á náttúruminjaskrá, en í skránni segir: „*Hvalfjarðarströnd, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi. Til austurs markast svæðið af athafnasvæði oliustöðvar og til vesturs af athafnasvæði járnblendiverksmiðju. (2) Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.*“ Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gæta þess við uppbyggingu frístundabyggðar á svæðinu, að fjöru á svæði á náttúruminjaskrá sem er innan ofangreinds svæðis verði ekki raskað, en fuglalíf á svæðinu er mjög ríkulegt.


Umhverfisstofnun bendir á að í 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur fram að: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár-, eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.“ Einnig bendir Umhverfisstofnun á að í gr. 4.15.2 Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 kemur fram að: „Almennt er ekki gert


*ráð fyrir deiliskipulagningu bessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan  
þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum ám eða sjó en 50 m og að ekki verði  
hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.,,*

Þar sem ofangreind fjara er á náttúruminjaskrá mælir Umhverfisstofnun með að 100 metra  
breiðu belti frá efstu flóðamörkum verði ekki raskað.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við lýsingu varðandi deiliskipulag  
frístundabyggðarinnar Stekkjarholts í landi Kalastaðakots.

Virðingarfyllst

  
Adalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir

Skipulagsstofnun